

Ferðamálaráð Íslands

Lækjargata 3


101 Reykjavík

S: 552 7488

F: 5624749

EKKI TIL ÚTLÁNS

A 10 66



1991

ÁRSSKÝRSLA

FERDAMÁLARÁÐS ÍSLANDS

338.4791

Fer

HÖNNUN · PRENTUN · ODDI HF.

Myndir: Rafn Hafnfjörð nema annars sé getið.



**ÁRSSKÝRSLA  
FERÐAMÁLARÁÐS ÍSLANDS**

# ÞRÓUN FERÐAPJÓNUSTU


Frá því að Ferðamálaráð Íslands var stofnsett á vordögum árið 1964, hafa flestar ársskýrslur ráðsins hafist á orðunum: „Enn eitt metárið í sögu ferðapjónustunnar“. Það er vissulega ánægjulegt að geta notað slík upphafssorð í ársskýrslum og þau eiga einnig við um árið 1991. Samtals heimsóttu 156.247 erlendir ríkisborgarar Ísland á síðastliðnu ári, að meðtoldum þeim, sem komu með skemmtiferðaskipum. Samsvarandi tala fyrir árið 1990 var 149.618 og nemur auknningin 6.629 einstaklingum eða 4,4%. Séu farþegar með skemmtiferðaskipum ekki taldir með, komu 1.740 fleiri útlendingar til landsins á árinu 1991. Nánar verður fjallað um fjölda ferðamanna frá einstökum löndum í kaflanum um skiptingu eftir þjóðerni í sérstökum kafla síðar í þessu plaggi.

Þó svo að í byrjun ársins hafi flestir aðilar ferðapjónustunnar búist við meiri aukningu en að ofan greinir má hér vissulega vel við una, enda fækkaði erlendum ferðamönnum í flestum Evrópulöndum. Orsókin er fyrst og fremst Persflóastríðið, sem hafði í för með sér mikla fækkun ferðamanna, sérstaklega frá Bandaríkjum og Japan. Það er fróðlegt að virða fyrir sér töflur, sem sýna þróun ferðapjónustunnar frá árinu 1950–1990 í heiminum annarsvegar og á Íslandi hinsvegar. Í fyrra tilfellinu hefur þeim fjölgat úr 25,3 milljónum í 443,5 milljónir en í síðara tilfellinu úr 4.300 í 142.000. Aukening ferðamanna til Íslands hefur því hlutfallslega verið tæplega helmingi meiri á þessu árabili. Í þessu tiliti telst sá ferðamaður, sem dvelur að lágmarki eina nótt í öðru landi en eigin heimalandi. Vitaskuld þarf að hafa í huga þegar þessar tölur eru skoðaðar að árið 1950 þótti erlendir ferðamaður á Íslandi fremur kynlegur kvistur, en í mörgum öðrum löndum var ferðapjónustan orðin alvöru atvinnugrein

löngu fyrir síðari heimsstyrjöldina. Sem dæmi um hina örú þróun á Íslandi má nefna, að fjöldi erlendra ferðamanna liðlega tvöfaltaðist á fyrstu 10 árum ofangreinds tímabils, aukningin nam 180% á næsta áratug á eftir, síðan 157% og lokks 105% á árunum 1980–90. Hlutur Evrópu af heildarfjölda ferðamanna hefur minnkað á undanförnum árum. Hann var stærstur, 74%, árið 1965 en var 63,5% árið 1990. Helstu samkeppnisspávæði Evrópu síðastliðin 10 ár hafa verið Asía og Afríka, en þar hefur fjölgun ferðamanna verið 100% og 50%. Samkvæmt framangreindum tölum hafa 0,035% af heildar ferðamannafjölda veraldarinna heimsótt Ísland á árinu 1991. Þrátt fyrir að ferðamönnum í Evrópu fækkaði um 6,8% á árinu 1991, er gert ráð fyrir að þeim fjölgji árlega á tímabilinu 1991–1995 um 3,9% að meðaltali. Rætist sú spá einnig fyrir Ísland megum við vel við una.

Áætlaðar tekjur ferðapjónustu í heiminum árið 1987 voru 1.900 milljarðar Bandaríkjadollara og reiknað er með að þær verði 3.100 milljarðar á yfirstandandi ári. Eyðsla hvers ferðamanns að meðaltali hefur því aukest mun meira en sem nemur fjölgun þeirra. Jafnhliða hefur atvinnutækifærum í atvinnugreininni fjölgat. Árið 1987 starfaði 101 milljón manna í heilsársstörfum við ferðapjónustu. Áætlað er að á árinu 1992 muni 130 milljónir hafa fasta atvinnu á ársgrundvelli í atvinnugreininni, en sú tala jafngildir 7% af vinnuafli veraldarinna. Allt bendir því til að ferðapjónusta verði stærsta atvinnugrein heims á yfirstandandi ári og skapi jafnframt fleiri atvinnutækifæri en nokkur önnur atvinnugrein.

Þær tölur, sem nefndar hafa verið hér að framan, segja meira en mörg orð um þýðingu ferðapjónustunnar fyrir þjóðarbúskap okkar, svo og þá mörgu og arðbæru möguleika, sem þar er að finna. En það nægir ekki til árangurs að





möguleikarnir séu fyrir hendi. Vandinn er að nýta þá og það er ekki auðveld verk að selja erlendum mönnum þá hugmynd að verja sumarleyfi sínu á Íslandi. Landið okkar er langt frá helstu markaðssvæðunum og ferðakostnaður því óhjákvæmilega mikill, þó svo hagstæð fargjöld séu í boði. Verðlag er allmennt hærra en í samkeppnislöndunum hjá flestum þjónustugreinum, sem ferðamaðurinn þarf að eiga viðskipti við, og afþreyingarþjónusta er af skornum skammti. Það eitt að kynna væntanlegum viðskiptavinum hvar Ísland sé staðsett, að hér búi venjulegt fólk, sem búi í húskynnum svipuðum þeirra eigin, tekur oft langan tíma. Síðast en ekki síst er veðurfar rysjótt, jafnvel svo á stundum, að við sjálfir teljum landið vart byggilegt vegna hinnar mislyndu veðráttu. Sú fullyrðing, að útlendingum þyki gaman að dvelja hér í austandi rigningu og jafnvel snjókomu um hásumarið, stenst ekki að mínum dómi, þó svo þeir sætti sig ef til vill við það,

enda ekki komnir til Íslands til að sleikja sólskinið. Veðrattan gerir einnig erfitt fyrir þegar unnið er að því að auka ferðalög Íslendinga um landið. Það verk verður ekki auðveldara þegar verðlag er hátt og lág fargjöld frá Íslandi til annarra landa. Baráttunni fyrir auknum ferðalögum um eigið land verður að halda áfram af meiri krafti. Í því tilliti skortir því miður mikið á að hagsmunaaðilar taki höndum saman. Árangur af samnýtingu fjármagns til auglýsinga og kynningarstarfs myndi ekki láta standa á sér.

Árið 1991 var gjöfult ár fyrir íslenska ferðapjónustu. Hugmyndaríkir aðilar bryddu upp á mörgum skemmtilegum nýjungum, sem vonandi eiga eftir að skila þeim arði, og gera dvöl margra ferðamanna ánægjulegri. Þessir aðilar verða þó að sýna biðlund og þolinmæði, enda sprettur ekki um leið og såð er. Hér á eftir verður stíklað á stóru í umfjölluninni um hina ýmsu þætti úr starfsemi Ferðamálaráðs á árinu 1991. Meðal annars eru birtar stuttar ársskýrslur um starfsemi skrifstofanna í Frankfurt og New York, sem mörgum mun væntanlega þykja fróðlegt að lesa.

Nýr ráðherra ferðamála, Halldór Blöndal, tók við embætti á árinu. Um leið og ég byð hann velkomin til þessa þýðingarmikla starfs, vil ég þakka fráfarandi ráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, fyrir góð störf í þágu íslenskra ferðamála. Ég flyt öllum ráðsmönnum og starfsmönnum samgönguráðuneytiðins kærar þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu 1991 og þakka þeim þeirra mikla framlag til íslenskra ferðamála. Síðast en ekki síst þakka ég starfsfólk Ferðamálaráðs fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf og samvinnu.

Birgir Þorgilsson  
ferðamálastjóri.



# PRÓUNARDRÆTTIR Í EVRÓPSKUM FERÐAMÁLUM 1990–2000

- 1.** Heildareyðsla til ferðalaga og þá sérstaklega eyðsla til samgöngugeirans vegna ferða innan, til og frá Evrópu mun vaxa hraðar en aðrir útgjaldabættir vegna tilðari leyfisferða enda þótt þær kunní almennt að styttast. Engu að síður er við því að búast að þótt dagleg ferðaútgjöld standi í stað vegna aukinna gæðakrafna, muni ferðaútgjöld hverrar ferðar að jafnaði minnka vegna styttingar þeirra.
- 2.** Lengri leyfisferðum til og frá Evrópu mun fjölga meira en ferðum innan Evrópu. Þetta á við um ferðir til og frá löndum flestra heimsálfu, einkum þó Ameríku, Asíu og Evrópu.
- 3.** Innan Evrópu fjölgar borgarferðum hraðar en sumarleyfis- og sólarferðum vegna samhlíða og stöðugrar aukningar á bæði ferðum með stuttri viðdvöl (sem annaðhvort er gagngett ætlað að hafa menningarlegt inntak eða hefur slíkt inntak að yfirskini) sem og kaupsýsluferðum, kynningarheimsknum, fundum, ráðstefnum, sýningum og kaupstefnum.
- 4.** Ferðum frá suðri til norðurs, austri til vesturs og frá vestri til austurs mun að tiltölu fjölda hraðar en hinum hefðbundnu leyfisferðum frá norðri til suðurs. Enn um sinn helst þó verulegt forskot síðarnefnda flokksins.
- 5.** Umferð yfir núverandi landamæri Evrópu mun vaxa hraðar en umferð innan Evrópalandanna flestra.
- 6.** Vetrarsólarferðum, menningarferðum utan hefðbundins orlofstíma og skemmtisiglingum mun á nokkrum næstu árum sennilega fjölgja hraðar en ferðum til vetrarþróttasvæða.
- 7.** Notkun flugsamgangna, bæði á lengri og skemmri leiðum, mun enn aukast hraðar en annarra fararmáta, meðal annars vegna frekari möguleika á beinu tengiflugi. Þyngri flugumferð og langur biðtími gæti þó verkað sem hindrun á slíka aukningu þar til vandamál sem af þessu spretta hafa verið leyst.
- 8.** Með hliðsjón af ríkjandi stefnu í átt til einstaklingsbundiðar þjónustu munu vinsældir pakkaferða aukast á kostnað hópferða.

**9.** Bókun með stuttum fyrirvara mun færast meira í vöxt en bókun með lengri fyrirvara. Þetta gerist samhlíða því að CRS-kerfi og bókunarkerfi á borð við Amadeus og Galileo ná viðtækri útbreiðslu. Sem stendur gagnast kostir þessara kerfa fremur þeim sem ferðast í viðskiptaerindum en hinum almenna ferðamanni.

**10.** Ferðum tveggja aldurshópa fjölgar öðrum fremur. Eldri borgarar munu ferðast meira og má m.a. rekja það til fjölgunar innan þess aldurshóps og bættra kjara eftirlaunaþega. Ungt folk mun ferðast meira í kjölfar betri og almennari menntunar og nýrra ferðakosta.

**11.** Afleiðing af þessu er sú að eftirspurn eftir ferðum til menningarsvæða og leyfisferðum með menningarívaflí ásamt viðburðaríkum sumar- og vetrarferðum mun aukast meira en eftirspurn eftir öðrum tegundum leyfisferða.

**12.** Tilihneigingar mun gæta í þá átt að hópar, þ.m.t. fjölskyldur, minnki og séu sveigjanlegri í ferðaáætlunum sínum.

**13.** Mat ferðalangsins á gæðum þeirrar þjónustu sem honum býðst miðað við verð mun hafa aukin áhrif á val á áfangastað og gistiþými. Umhverfisgæði munu verða ákvárdandi þáttur um það hversu vel tekst til að laða að ferðamenn.



## **Ferðamálaráð**

Án tilnefningar:

Kristín Halldórsdóttir, formaður  
 Árni Þór Sigurðsson, varaformaður  
 Erlingur Sigurðarson  
 Ingibjörg Sigtryggsdóttir  
 Þuríður Backman

*Varafulltrúar:*

Anna Hildur Hildibrandsdóttir  
 Guðbjörg Ársælsdóttir  
 Þorbjörg Samuélsdóttir  
 Einar Ögmundsson  
 Björn Vilmundarson

*Samkvæmt tilnefningu*

*Félag hópferðaleyfishafa:*  
 Júlíus Sigurbjörnsson  
 Guðmundur Kjerúlf (varaformaður)

*Félag íslenskra ferðaskrifstofa:*

Karl Sigurhjartarson  
 Helgi Jóhannsson (varaformaður)

*Félag leiðsögumanna:*

Birna G. Bjarnleifsdóttir  
 Helgi Guðmundsson (varaformaður)

*Félag sérleyfishafa:*

Águst Hafberg  
 Gunnar Sveinsson (varaformaður)

*Ferðafélag Íslands:*

Páll Sigurðsson  
 Höskuldur Jónsson (varaformaður)

*Flugleiðir b.f.:*

Pétur J. Eiríksson  
 Sigurður S. Sigurðsson (varaformaður)

*Náttúruverndaráð:*

Þóroddur F. Þóroddsson  
 Ingi Þorsteinsson (varaformaður)

*Samband veitinga- og gistibúsa:*

Bjarni I. Árnason  
 Wilhelm Wessman (varaformaður)

*Önnur flugfélög en Flugleiðir b.f.:*

Ómar Benediktsson  
 Hörður Guðmundsson (varaformaður)

*Ferðapjónusta þænda:*

Páll Richardson  
 Kristleifur Þorsteinsson (varaformaður)

*Reykjavíkurborg:*

Júlíus Hafstein  
 Ólafur Jónsson (varaformaður)

*Ferðamálasamtök Vesturlands:*

Svánborg Siggeirs dóttir  
 Jón Pálmi Pálsson (varaformaður)

*Ferðamálasamtök Vestfjarða:*

Pétur Bjarnason  
 Áslaug Alfreðsdóttir (varaformaður)

*Ferðamálasamtök Norðurlands vestra:*

Vigfús Vigfússon  
 Ragnar Ingi Tómasson (varaformaður)

*Ferðamálasamtök Norðurlands eystra:*

Þorleifur Þór Jónsson  
 Jón Gauti Jónsson (varaformaður)

*Ferðamálasamtök Austurlands:*

Karen Erla Erlingsdóttir  
 Sigurborg Kr. Hannesdóttir (varaformaður)

*Ferðamálasamtök Suðurlands:*

Jóhannes Sigmundsson  
 Hjörtur Þórarinsson (varaformaður)

*Ferðamálasamtök Suðurnesja:*

Jóhann D. Jónsson  
 Jónína Guðmundsdóttir (varaformaður)

*Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins (ábeyrnarfulltrúi)*

Jóna Gróða Sigurðardóttir  
 Þórarinn Jón Magnússon (varaformaður)

## **Framkvæmdastjórn**

Kristín Halldórsdóttir, formaður  
 Karl Sigurhjartarson, Fél. ísl.  
 ferðaskrifstofa

Pétur J. Eiríksson, Flugleiðum  
 Bjarni I. Árnason, SVG

Jóhannes Sigmundsson, Suðurland

Til vara:

Höskuldur Jónsson, Ferðafél. Ísl.

## **Nefndir Ferðamálaráðs**

*Landkynningarnefnd:*

Karl Sigurhjartarson, formaður  
 Bjarni I. Árnason  
 Júlíus Sigurbjörnsson  
 Páll Richardson  
 Sigurður S. Sigurðsson

*Umbverfisnefnd:*

Þóroddur F. Þóroddsson, formaður  
 Birna G. Bjarnleifsdóttir  
 Jón Gauti Jónsson

*Útblutunarnarfnd fjölmíðlabikars:*

Þorleifur Þór Jónsson  
 Jóhannes Sigmundsson  
 Júlíus Sigurbjörnsson

## **Fulltrúar Ferðamálaráðs í ráðum og nefndum**

*Nordisk Turist Ráð:*

Birgir Þorgilsson

*ETC*

Birgir Þorgilsson

*Vest-Norden ferðamálanefndin:*

Kristín Halldórsdóttir  
 Birgir Þorgilsson  
 Pétur J. Eiríksson

*Stjórn Útflutningsráðs Íslands:*

Sigurður Helgason  
 Magnús Oddsson (varaformaður)

*Stjórn ferðamálasjóðs:*


Águst Hafberg  
 Þorleifur Þór Jónsson  
 Sigurður Skúli Bárdarson (varaformaður)  
 Júlíus Sigurbjörnsson (varaformaður)

*Stjórn Upplysingamiðstöðvar*


*ferðamála:*  
 Júlíus Sigurbjörnsson  
 Pétur J. Eiríksson  
 Karl Sigurhjartarson (varaformaður)  
 Bjarni I. Árnason (varaformaður)

# FJÖLDI ERLENDRA FERÐAMANNA

## Komur erlendra ferðamanna frá ýmsum löndum 1970 -1991



## Skipting ferðamennsku eftir árstíðum



Heimildir: Útlendingaeftirlitið

## Skipting eftir þjóðerni og breyting milli ára

ÞJÓÐERNI	1990	1991	BREYTING
Bandaríki Norður-Ameríku	22.616	22.506	-0,5%
Önnur lond Ameríku	1.511	1.384	-8,4%
Danmörk	15.176	13.777	-9,2%
Svíþjóð	18.612	16.286	-12,5%
Noregur	10.256	10.391	1,3%
Finnland	4.769	4.079	-14,5%
Bretland	13.745	14.662	6,7%
Írland	570	491	-13,9%
Þýskaland	20.638	22.477	8,9%
Frakkland	10.021	10.071	0,5%
Belgía	941	1.061	12,6%
Holland	2.994	2.952	-1,4%
Luxembourg	314	508	61,8%
Austurríki	3.614	4.036	11,7%
Sviss	5.651	7.003	23,9%
Ítalía	3.614	4.808	33%
Asía og Afríka	1.388	1.488	7,2%
Ástralía og Nýja-Sjáland	685	609	-11,1%
Aðrir	3.339	4.863	45,6%
SAMTALS	141.708	143.447	1,2%

Auk þessara erlendu farþega heimsóttu 12.789 erlendir gestir landið með 23 skemmtiferðaskipum á árinu.

## GJALDEYRISTEKJUR AF FERÐAPJÓNUSTU

**G**jaldeyristekjur af seldri þjónustu til erlendra ferðamanna urðu samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands árið 1991 12.414 milljónir króna. Þetta er 1.258 milljónum meira en 1990, eða rúmlega 11% aukning. Aukningin er mun meiri en nemur aukningu í fjölda erlendra ferðamanna. Meðaltekkjur af hverjum erlendum ferðamanni hækkuðu verulega.

Á meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir gjaldeyristekjur af ferðapjónustu frá árinu 1984 umreiknaðar til meðalgengis ársins 1991.

Gjaldeyristekjur 1984–1991 á verðgildi ársins 1991.

1984	4.950
1985	5.917
1986	6.836
1987	8.604
1988	10.320
1989	10.437
1990	11.155
1991	12.417

Gjaldeyristekjur af hverjum erlendum ferðamanni urðu rúmlega 86.500 krónur að meðaltali, sem er það mesta að raun gildi frá upphafi.

Fróðlegi er að velta því fyrir sér hve mikil af þessum tekjum renni beint til ríkisins. Af þeim 7 milljörðum, sem erlendir ferðamenn skildu eftir í landinu eru tæpir 5 milljarðar vegna kaupa á virðisaukaskattskyldri þjónustu. Því má gera ráð fyrir að beinar tekjur ríkissjóðs af erlendum ferðamönnum séu:

Innheimtur virðisaukaskattur af seldum vörum og þjónustu til erlendra ferðamanna	1.000.000 millj.
Endurgreiddur virðisaukaskattur til erlendra ferðamanna	-54 millj.
Innheimt flugvallargj. og innritunargjald af erlendum ferðamönnum	190 millj.
Innheimtur þungaskattur vegna bifreiða erlendra ferðamanna	10 millj.

Þessar beinu tekjur eru því um 1.150 milljónir eða rúm 16% af allri eyðslu erlendra ferðamanna í landinu. Til viðbótar þessu koma svo ýmsar aðrar beinar tekjur: bensíngjald vegna aksturs erlendra ferðamanna um landið, álagning á áfengi og tóbak, skemmtanaskattur o.fl.

### Gjaldeyristekjur af ferðamanna-þjónustu árin 1984-1991



Heimild: Seðlabanki Íslands

# UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

**F**rá því að þessi starfsemi hófst árið 1987 hefur Ferðamálaráð greitt 50% rekstrarkostnaðar, Reykjavíkurborg 25% og ferðamálasamtök utan höfuðborgarsvæðisins 25%.

Á árinu dró til tilkynnta í rekstri þessa fyrirtækis þegar Reykjavíkurborg tilkynnti með bréfi dags. 30. janúar að borgarráð hefði samþykkt tillögu ferðamálanefnar borgarinnar þess efnis, að Reykjavíkurborg hætti samstarfinu um rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar. Með bréfi dags. 5. september staðfesti borgarstjóri úrsögningin, en tilkynnti jafnframt að borgin myndi greiða óbreytt framlag fyrstu 5 mánuði ársins 1992, eða þar til búið væri að fullgera aðstöðu fyrir upplýsingastarfsemi í þágu erlendra ferðamanna í Ráðhúsinu við Tjörnina.

Málið var mikið rætt á fundum Ferðamálaráðs og stjórnar ráðsins og starfshópur skipaður til að fylla um framtíðar-

skipan starfseminnar. Starfshópurinn skilaði álti á fundi Ferðamálaráðs 3. desember og lagði til að rekstrinum yrði breytt á þann veg frá 1. júní, að lokað yrði fyrir upplýsingaþjónustu til ferðamanna. Jafnframt tæki Ferðamálaráð að sér aðra þætti í starfsemi upplýsingamiðstöðvarinnar. Þessi til-laga var samþykkt samhljóða, þó svo að ráðsmenn væru ekki sáttir við þessi málalok. Tilraunir til að finna grundvöll fyrir áframhaldandi rekstri héldu því áfram og að lokum varð niðurstaðan sú, að Ferðamálaráð og landshlutasamtök um ferðamál skiptu á milli sín hlut Reykjavíkurborgar frá 1. júní til árloka 1992 að telja, en jafnframt yrði allra leiða leitað til að lækka rekstrarkostnað eins og frekast væri kostur. Þegar þetta er skrifað er því ennþá óvissa um áframhaldandi rekstur þessa fyrirtækis frá 1. janúar 1993.

## MENNTUN LEIÐSÖGUMANNA

**S**amkvæmt lögum um ferðamál skal Ferðamálaráð sjá um menntun leiðsögumanna. Eftir þessu ákvæði laganna hefur að sjálfssögðu verið farið frá því ráðið tók til starfa vorið 1964, en áður hafði Ferðaskrifstofa ríkisins staðið fyrir námskeiðum fyrir verðandi leiðsögumenn. Á þessum árum hefur Ferðamálaráð útskrifað u.p.b. eitt þúsund leiðsögumenn sem flestir hafa unnið þýðingarmikil störf fyrir ferðaþjónustuna. Margir þeirra hafa þó horfið til annarra starfa, sérstaklega vegna þess að starf leiðsögumannsins er mjög árstíðabundið, því miður, og heilsársstörf eru sárafá.

Um nokkurt skeið hefur verið vilji fyrir því innan Ferðamálaráðs að fela Menntaskólanum í Kópavogi að annast menntun leiðsögumanna, enda hefur sá skóli boðið upp á

nám í ferðamálafræðum um nokkurt árabil og Ferðamálaráði heimilt samkvæmt lögum að fela öðrum aðila framkvæmd sérstakra verkefna. Eftir nokkrar viðræður við skólameistara og aðstoðarskólameistara Menntaskólans í Kópavogi samþykkti stjórn ráðsins að fela skólanum þetta verkefni. Það var síðan gert með bréfi dags. 19. ágúst og tekið fram að þessi skipan gilti þar til Ferðamálaráð e.t.v. skipaði þessum málum á annan veg. Jafnframt var ítrekað að Ferðamálaráð myndi gefa út starfsskíriteini til handa þeim leiðsögumönnum sem að dómi skólans hefðu lokið leiðsögunámi. Birna Bjarrleifsdóttir, sem undanfarin ár hefur séð um menntun leiðsögumanna á vegum Ferðamálaráðs með miklu sóma, mun framvegis starfa við þennan málaflokk á vegum menntaskólans.



# FJÖLMIÐLABIKAR FERÐAMÁLARÁÐS

Fjölmíðlabikar Ferðamálaráðs er eftirsótt viðurkenning og hefur tvímælaust gert það að verkum að umfjöllun fjölmíðla um ferðamál fer stöðugt vaxandi.


Þrír meðlimir Ferðamálaráðs, Júlíus Sigurbjörnsson, Jóhannes Sigmundsson og Þorleifur Þór Jónsson, skipa fjölmíðlanefnd Ferðamálaráðs, sem hefur það hlutverk að gera tillögu til ráðsins um hver skuli hljóta bessa viðurkenningu. Að lokinni umfjöllun þeirra félaga var ákvæðið að Sólarfilma skyldi hljóta Fjölmíðlabikarinn fyrir árið 1991. Nú eru liðin 30 ár síðan fyrirtækið var stofnsett af Birgi Þórhallssyni og Snorra Snorrasyni. Birgir keypti síðan hlut Snorra. Sumarið 1961 komu á markað fyrstu þrjár samstæðurnar af litskyggnum á vegum Sólarfilmu og voru 6 myndir í hverri samstæðu. Síðan hefur framleiðsla fyrirtækisins margfaldast á þessu svíði. Auk litskyggna hefur Sólarfilma gefið út mikinn fjölda fallegra póstkorta, myndskreytt bréfsefni og endurprentun gamalla íslenskra mynda. Útgáfa póstkorta mun nú vera stærsta verkefni Sólarfilmu og láta mun nærrí að samtals hafi

verið gefin út 2.500 póstkort frá upphafi og árleg sala um 500.000 eintök. Það er því álitlegur fjöldi erlendra manna sem ber póstkort Sólarfilmu augum á ári hverju.


EKKI þarf að fara mörgum orðum um þá gifurlega miklu landkynningu sem fengist hefur af starfsemi fyrirtækisins og verður hún seint metin til fjárr. Það er gaman að minnast þess að þeir félagarnir, Birgir og Snorri, tóku sjálfir flestar ljósmyndirnar í upphafi, enda báðir snjallir ljósmyndarar. Auk þess höfðu þeir báðir fengið mikla innsýn í íslensk ferðamál sem starfsmenn hjá Flugfélagi Íslands, Birgir sem fulltrúi félagsins í Kaupmannahöfn um árabil og síðar yfirmaður markaðsmála á Íslandi og Snorri í starfi sínu sem flugstjóri á flugleiðum innanlands og milli landa. Margar af fallegustu myndunum voru einmitt loftmyndir Snorra. Veiting Fjölmíðlabikars Ferðamálaráðs til Sólarfilmu er líttill þakklætisvottur til þeirra félaga fyrir þeirra frábæru störf í þágu íslenskrar ferðapjónustu.



Ljósmynd: Kristján Arngrímsson.



# FERÐAMÁLARÁÐSTEFNA



**21.** ferðamálaráðstefna Ferðamálaráðs var haldin á Hótel Örk í Hveragerði dagana 10. og 11. október. Fjöldi ráðstefnugesta var 190, fleiri en nokkru sinni fyrr og sýnir þessi mikla þátttaka best aukin umsvif, áhuga og skilning á málefnum ferðapjónustunnar. Eiður Guðnason, umhverfisráðherra, flutti framsöguerindi um ferðapjónustu og umhverfismál og Karl Sigurhjartarson ræddi í sínu framsöguerindi um ferðapjónustu utan háannatímans. Auk ágætra erinda ofangreindra tveggja heiðursmanna flutti Dr. Klaus Lukas, ferðamálastjóri Austurríkis og formaður European Travel Commission, fróðlegt erindi um þróun ferðapjónustunnar í Evrópu og samstarfið á vettvangi EFTA, EB og ETC. Aldrei fyrr hefur erlendur maður flutt erindi á ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs og mæltist þessi nýbreytni vel fyrir. Dr. Klaus Lukas nýtur mikils trausts og álits og var mikill fengur að fá hann og eiginkonu hans í heimsókn til Íslands.

Að loknum framsöguerindunum tóku þrír starfshópar til starfa. Árni Þór Sigurðsson, varaformaður Ferðamálaráðs, stjórnaði umræðum og álitsgerð um ferðapjónustu og umhverfismál, Þórunn Gestsdóttir var í forsæti fyrir starfshópi sem fjallaði um samvinnu í ferðapjónustu í nýrri Evrópu og Ómar Benediktsson annaðist verkstjórn þess hóps sem fjallaði um ferðapjónustu utan háannatímans. Allir starfshóparnir lögðu fram mikla vinnu og skiliðu athyglisverðum tillögum og hugmyndum sem síðan voru ræddar á sameiginlegum fundi allra ráðstefnugesta. Ekki er ástaða til að tíunda þær hér, enda er þær að finna í ítarlegrí fundargerð um störf ráðstefnunnar.

# UMHVERFISMÁL

**U**mhverfisnefnd fékk tillögurétt yfir 6,5 milljónum króna samkvæmt fjárhagsátlun Ferðamálaráðs fyrir árið 1991.

Í janúar 1991 var Jóhanna B. Magnúsdóttir ráðin í fullt starf sem umhverfisfulltrúi Ferðamálaráðs. Í starfslýsingu kemur fram að þessum nýja starfsmanni er ætlað að sinna umhverfismálum, vera til ráðgjafar vegna styrkbeiðna og úrbóta á ferðamannastöðum og gera úttekt á ástandi þeirra.

Akveðið var að Ferðamálaráð stæði að verklegum framkvæmdum á nokkrum stöðum. Anna Dóra Hermannsdóttir var ráðin í 10 vikur til að vinna með umhverfisfulltrúanum að því verkefni. Unnið var á sjö stöðum á landinu: Við Hraunfossa í Borgarfirði voru göngustígar lagfærðir, trébrýr rifnar og ræsi sett í staðinn. Við Goðafoss voru lagðir stígar og um leið var stígakerfið einfaldað og óþarfa stígar græddir upp. Leiðin niður að Dettifossi austanverðum var lagfærð. Bílastæðið við Jökulsárlón var afmarkað og óeskilegum bílaslóðum á jökulöldunum vestan lóns lokað. Við Dverghamra var lagður nýr stígar og stígakerfi breytt. Við Kerið í Grímsnesi var unnið að viðhaldi stíga og við Ófærufoss í Eldgjá voru lögð þrep í brekkuna við fossinn. Kostnaður við þessar framkvæmdir var um 1 milljón króna. Skýrsla var skrifuð og liggur hún frammi á skrifstofu Ferðamálaráðs.

Á árinu voru 13 aðilar styrktir til úrbóta á ferðamannastöðum, samtals að upphæð 3,5 milljónir. Styrkupphæðir voru frá 30 þúsundum og upp í 700 þúsund kr. Byrjað var á byggingu snyrtihúss við Gullfoss en þegar þetta er skrifbað er smiði lokið og húsið opið fyrir ferðamenn. Náttúruverndarráð mun sjá um rekstur hússins en Ferðamálaráð greiddi allan kostnað við byggingu þess.



Úttekt var gerð á ferðamannastöðum á Austurlandi og á nokkrum stöðum á Suðausturlandi. Skýrsla um þá úttekt liggur einnig frammi á skrifstofunni.

Brynt er að halda áfram að bæta aðstöðu á ferðamannastöðum landsins til verndar náttúrunni og um leið til hagsbóta fyrir sívaxandi fjölda ferðamanna.

Umhverfisfulltrúinn fór á námskeið sem haldið var á haustdögum í Peak National Park í Englandi um svokallaða græna ferðamennsku.

Á vordögum byrjaði umhverfisnefndin að huga að tillögum um stefnumörkun Ferðamálaráðs í umhverfismálum og verða þær væntanlega afgreiddar á fundi Ferðamálaráðs í september 1992.



# SKRIFSTOFUR ERLENDIS

**S**krifstofurnar í Frankfurt og New York voru starfræktar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Varðandi nánari upplýsingar um starfsemi skrifstofanna vísast til greina forstöðumannanna Dieters W. Jóhannssonar og Einars Gústavssonar. Sömu aðilar tóku þátt í rekstri skrifstofanna, þ.e. Flugleiðir, Félag íslenskra ferðaskrifstofa, Ferðapjónusta bænda og Félag sérleyfishafa. Ferðapjónusta bænda tilkynnti að þau samtök treystu sér ekki til að halda áfram þátttöku og ganga því miður út úr þessu samstarfi um áramót 1991. Skrifstofan í Frankfurt þjónar öllum aðilum ferðapjónustunnar og ber því frekar að stefna að auknum umsvifum en samdrætti. Vondandi tekst að fá sem flest hagsmunasamtök til að styðja verk-efni skrifstofunnar með fjárfamlögum. Sama á við um rekstur skrifstofunnar í New York, en þar lögðu Flugleiðir, Reykjavíkurborg og Samband veitinga- og gistihúsa fram fjármuni til styrktar þeim verkefnum sem unnið er að. Öllum framantöldum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir skilning þeirra á þessu starfi, myndarleg fjárfamlög og góða samvinnu í hvívetna.

Þriðja erlenda skrifstofan bættist í hópinn þann 1. desember þegar fyrirtækið Iceland Project Systems var stofnsett í Tokyó. Rekstur hennar er með nokkuð öðrum hætti en í New York. Ferðamálaráð og Reykjavíkurborg skipta á milli sín föstum rekstrarkostnaði og íslenskir sòluðilar greiða skrifstofunni þóknun, umfram almenni umboðslaun. Samningurinn við hið japanska fyrirtæki er til 3ja ára og athafnsvæði skrifstofunnar nær yfir þau lönd í Suðaustur-Asíu sem þykja álitleg markaðssvæði fyrir íslenska ferðapjónustu. Mestar vonir eru þó bundnar við fjölgun ferðamanna frá Japana.

Auk ofangreindrar starfsemi eigin skrifstofa erlendis hafa 4 skrifstofur Flugleiða hlutið útnefninguna „Upplýsingaskrifstofa Ferðamálaráðs“ og væntanlega munu skrifstofur félagsins í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Oslo bætast við fljóttlega. Samkeppnin á hinum alþjóðlega ferðamarkaði fer stöðugt harðnandi og því nauðsynlegt að ferðapjónustan leggi net sín yíðar en gert er í dag, þó þannig, að áður en lagt er út í fjárfestingar fari fram sem nákvæmust athugun á vœtanlegri arðsemi.

## New York

Starfsmenn 1991 voru undirritaður og Inga María Magnúsdóttir sem hóf störf í byrjun ársins sem markaðsfulltrúi.

Arið 1991 var líklega eitt það erfðasta sem ferðapjónustan hefur mátt þola hér í Bandaríkjum. Fimm risaflugfélög lýstu sig gjaldþrota, hafa tvö þeirra nú hætt rekstri og vafasamt er hvort eitthvert hinna komi til með að lifa. Aðalástæður þessa ástands voru striðið við Persaflóá ásamt almennt lélegu efnahagsástandi og þegar upp var staðið í enda

ársins hafði ferðum Bandaríkjumanna til Evrópu fækkað um 15 prósent. Þessara áhrifa gætti þó ekki jafn alvarlega fyrir Ísland þar sem við skárum okkur úr sem eina landið sem ekki sýndi fakkun á komu bandarískra ferðamanna. Ferðapjónustan er mjög háð pólitískum og efnahagslegum sveiflum og hefði árangur okkar vafalaust orðið enn betri ef um eðlilegt ástand hefði verið að ræða.

Markaðssamstarf Norðurlandapjónustanna hér hefur gengið með ágætum og jökst hlutdeild Íslands all verulega á árinu. Þetta hefur á hinn bóginn leitt til óánægju meðal samstarfsaðilanna þar sem hlutfall Íslands í umsöldum greiðslum er nú orðið mun lægra en umsvifin, er aukning okkar nú að mestu leyti greidd af þeim. Samstarfið felur aðallega í sér auglýsingar, útgáfu bæklinga og handbóka í hundraða þúsunda tali, skipulagða ferðamarkaði í helstu borgum Bandaríkjanna, sameiginlega póstdreifingu og sínamarkaðspjónustu. Samstarf sem þetta er ákaflega þyðingarmikið fyrir okkar litla land á svo stórum markaði sem Bandaríkin eru og er þetta án efa okkar besti kostur til árangurs, því framundan er harðnandi samkeppni.

Landkynning er mjög mikilvæg á þessum markaði og eru heimsóknir blaðamanna eitt aðal áherslumál þessarar skrifstofu. Mjög vel tókst til á árinu og fóru nokkrir tugir valdra blaðamanna til landsins og hefur öll umfjöllun um Ísland í sjölfmiðlum aukist til muna. Hér þarf enn að herða sóknina og nauðsynlegt er að allir þeir íslensku aðilar sem markaðssetningu stunda vinni saman og myndi með sér sameiginlegt sterkt heildaráatak. Þetta sjónarmið er nú verið að kynna. Í nóvember gengum við til samstarfs við Flugleiðir um ráðningu fagmanns í almannatengslum (public relations). Tilgangurinn er að dreifa fréttaeftiri um ferðamöguleika á Íslandi, skapa tengsl og starfa náið með sjölfmiðlum í sama tilgangi. Áhugi á ferðalögum á norðlægum slóðum fer vaxandi og til að árangursrík markaðssókn takist er skipulagður áróður lykilatriðið.

Á árinu gerðum við samning við ORG gagnabankann um dreifingu á alhliða upplýsingum varðandi ferðapjónustuna á Íslandi.

Tengjumst við nú bókunarkerfum flugfélaganna og geta yfir 25 þúsund ferðaskrifstofur ásamt um tveimur milljónum einkatölvunotenda fengið vitneskju um hótel, ferjur, bílaleigur, veðurfar o.s.frv., samtals um 20 síður af upplýsingum. Þetta hefur skapað byltingu í upplýsingamiðlun um Ísland á þessum markaði.

Mikil gróska var í sýningum á árinu og bar hæst Nordic Travel Mart í Reykjavík í apríl, IT & ME í Chicago, Adventure Travel Show í Chicago, FOCUS sýningarnar 30 á vegum Scandinavian Tourist Boards, þátttaka í 25 ETC ferðamörkum, ásamt mörgum sérsýningum viða um landið. Þetta er ómetanlegur þáttur í starfseminni hér og mættu íslenskir ferðaaðilar nýta sér þessi tækifæri betur.

Einn af arðvænlegustu vaxtarbroddum í íslensku atvinnu-

lífí er ferðapjónustan. Aðaláherslur okkar hafa fyrst og fremst legið í að auka eftirspurn utan háannatímans. Þetta skilaði mjög góðum árangri síðastliðinn vetur. Vetrarferðir til Íslands eru ekki auðseljanlegar og þarf að gera stórátak í vörupróun og markaðssetningu ef við eignum að standast þá miskunnarlausu samkeppni sem við er að etja. Mikil vinna liggur framundan í þessum efnum. Tugþúsundir millilanda-farþega fara sumar og vetur í gegnum Leifsstöð án þess að hafa hér viðdvöl. Að laða þá til stuttrar dvalar hlýtur að teljast álitlegt markmið til að auka veltu og hagnað íslenskrar ferðapjónustu, sérstaklega yfir veturinn.

Þegar litið er til baka hefur árið 1991 skilað mjög góðum árangri, einkanlega yfir vetrartímann. Þetta er sá markaður sem okkur er hvað dýrmælastur og verður að fylgja hart eftir frekari aukningu. Allt kallar þetta á enn meira efni og fé til að tryggja örugga framför í síharðnandi samkeppni.

Einar Gústavsson  
forstöðumaður.

## Frankfurt

Þetta var 6. árið sem landkynningararskrifstofa Íslands var starfrækt í Brönnestr. 11 í Frankfurt. Starfsmenn voru 2, fyrst undirritaður og Anni Knieps, sem hafði verið ritari frá fyrsta degi. Anni flutti svo búferlum til München þann 1. maí og við hennar starfi tók Stella Kristinsdóttir, viðskiptafræðingur. Stella tók ferðamál og samgöngur sem aðalgrein í viðskiptafræðinámi sínu og útskrifaðist úr fagskóla í Worms, sama skóla og Anni hafði verið í.

Þrátt fyrir striðið við Persaflóa og pólitískra óvissu við Austur-Eystrasaltið, eða kannski einmitt þess vegna, fengum við mjög mikil af fyrirspurnum, 8161 á fyrstu 5 mánuðum ársins, auk þess sem mikil var um heimsóknir áhugamanna um Ísland á skrifstofuna.

Í auglýsingum, mánaðarlegum blaðamannafréttum og heimboðum fyrir blaðamenn, lögðum við áherslu á:

- Sölu pakkaferða, m.a. með sameiginlegri útsendingu upplýsingaefnis undir okkar stjórn, sem 8 helstu heildsalarnir, Flugleiðir, Smyrill og við, tókum þátt í.
- Lengingu ferðamannatímabilsins utan háannatímans.
- Kynningu á Íslandi sem ákjósanlegum stað fyrir alþjóðleg fundahöld og hvataferðir.

Tvímælalaust hefur þegar gætt nokkurs árangurs af tveim fyrstu liðunum. Þegar við lítum t.d. á Þýskaland, þá fjölgar gestum á tímabilinu janúar–maí um 28% í 4.332 gesti, september–desember um 34% í 2.952 gesti.

Eins og á undanförnum árum tókum við þátt í fjöldamörgum sýningum, í Stuttgart, München, Berlin, Milanó og Madrid, í samvinnu við hin Norðurlöndin. Hér fundum við aftur á móti fyrir áhrifum Persaflóastríðsins. Aðsókn á sýningar í Þýskalandi var tölувert minni heldur en 1990. Engin þátttaka af hálfu Íslendinga var á FITUR í Madrid en sérstaklega þar ætluðum við að láta á okkur bera. Svipað var af SMTV í París að segja. – En striðið var líka í algleymingi í lok ársins. Í Köln í nóvember og Leipzig í desember var allt með venjulegu sniði. Aðrar sýningar, sem við tókum þátt í, voru í Milanó (BIT) og í Genf EIBTM.

Í fyrsta skipti tókum við þátt í „Scandinavian Workshop“ í Sviss, sem var haldin í borgunum Lausanne og Zürich. Einnig kynnti undirritaður sér árangurinn af „roadshow“ í gegnum 8 stórborgir á Ítalíu, sem CIMAIR og Flugleiðir stóðu fyrir, og var því mjög vel tekið.

Við allar þessar uppákomur fundum við sárlega fyrir skorti á upplýsingaefni, þrátt fyrir að við í Frankfurt léturn prenta 4-blöðung í litum á ítolsku, frónsku og þýsku.

Góður árangur var af mörgum sýningum á litskugga-myndum sem þekktir fyrirlesarar fluttu með okkar aðstoð, þ.e.a.s. við tókum þátt í veggspjaldaprentkostnaði og studdum þá með bæklingum.

Í lukkupottinn duttum við þegar fyrirtækið Kaffee HAG bauð okkur og Flugleiðum þáttöku í viðamikilli auglýsinga-herferð. Fyrirtækið prentaði snotran Íslandsbækling sem var dreift í 100.000 upplagi í stórmörkuðum, það auglýsti fyrir milljónir í öllum helstu myndablöðum og útværps/sjónvarpstímaritum. Í maí hafði Kaffee HAG móttekið 14.000 bréf og 13.000 upphringingar frá fólk sem reyndi að vinna vikuferð til Íslands.

Pegar litið er til baka var árið 1991 mjög árangursríkt á meginlandi Evrópu. Þjóðverjar voru aðeins skrefi á eftir Bandaríkjumönum. Einnig var mikil fjölgun í Frakklandi, Ítalíu og Sviss. Á Ítalíu gætum við örugglega gert mun meira með betri skipulagningu. Æ betur kemur t.d. í ljós, hversu tilfinnanlega okkur vantar umboðsmann fyrir þessa 60 millj. manna þjóð.

Ljóst er að fjárhag skrifstofunnar í Frankfurt þarf að efla. Sem fyrst þarf að finna nýja samstarfsaðila. Það þykir alveg sjálfsgagt í öðrum ferðamannalöndum að aðilar eins og höfuðborgin, bankar, póstur og sími og minjavripasalar, svo einhverjir séu nefndir, taki þátt í uppbyggingu ferðamála. Tækist okkur að gera hið sama á Íslandi væri stórt skref unnið.

Dieter Wendler-Jóhannsson.

# NORRÆNT SAMSTARF

**S**amstarf Norðurlanda á sviði ferðamála var með hefð bundnum hætti. Nokkur óvissa er nú um framtíð þessa samstarfs, en þannig er nú raunar um flest í samskiptum einstaklinga og þjóða. Því er ekki að neita að Ferðamálaráð átti í nokkrum útistöðum við þessar norrænu vinaþjóðir okkar varðandi skiptingu rekstrarkostnaðar skrifstofunnar í New York eftir að talsmenn þeirra náðu samkomulagi um að leggja til að hlutdeild Ferðamálaráðs tvöfaldarðist. Þessi krafa þótti ósanngjörn og ekki í samræmi við umsvif landanna, auk þess sem fjöldi ferðamanna frá Bandaríkjunum til Íslands hefur staðið í stað um nokkurt skeið og því ekki sjálfsgefið að rétt sé að eyða meira fé til óbreytrar starfsemi í fyrnefnda landinu. Í öllu falli þarf að athuga gaumgæfilega hvort annað fyrirkomulag en það, sem nú er á starfseminni vestra, þjónar hagsmunum íslenskrar ferðaþjónustu betur. Þar að auki blasir sú staðreynnd við að hinar Norðurlandabjóðirnar beina sjónum sínum í vaxandi mæli til samstarfs á sviði ferðamála innan EB, auk þess sem sumar þeirra eru að selja allt aðra „vöru“ en við. Auk þess tókst þessum vinaþjóðum okkar að halda okkur utan samstarfs Eystrasaltsríkjanna, sem stofnað var til á árinu, þó svo erfitt sé að koma auga á ástaður þess úr því að Noregur fékk inngöngu í þá fjölskyldu. Öll löndin, utan Íslands, hafa nú sagt upp samstarfssamningnum um rekstur skrifstofunnar í New York, en

samningaumræður eru í gangi til að kanna til þrautar hvort mögulegt sé að finna nýjan grundvöll fyrir skiptingu rekstrarcostnaðarins.

Samstarf Vesturnorðurlandanna, þ.e. Færeysja, Grænlands og Íslands, á sviði ferðamála hefur á hinn bóginn gengið snurðulaust. Frá upphafi hefur Jónas Hallgrímsson, umboðsmáður Smyril Line, verið formaður Ferðamálanefndar Vesturnorðurlandanna og Reynir Adólfsson starfsmaður nefndarinnar, fyrst með aðsetur á Egilsstöðum en síðar hjá Byggðastofnun á Akureyri. Sú breyting varð á fyrirkomulagi þessa samstarfs á árinu, að tekin var ákvörðun um að ferðamálaráðin skyldu taka að sér stjórn og rekstur samstarfsins til skiptis tvö ár í senn frá 1. janúar 1992 að telja og löndin tilnefna þrjá menn hvert til setu í ferðamálanefndinni. Jafnframt skyldi ráða starfsmann í hálf starf. Ferðamálaráð tilnefndi Kristínu Halldórsdóttur, Pétur J. Eiríksson og Birgi Þorgilsson og skyldi sá síðasttaldi gegna formennsku til ársloka 1993. Inga Sólnes var síðar ráðin starfsmaður nefndarinnar en hún starfaði áður á skrifstofu Ferðamálaráðs. Jónas og Reynir létu af störfum í samræmi við þetta nýja fyrirkomulag og er mér bæði ljúft og skylt að þakka þeim fyrir þeirra mikla og óeigingjarna starf í þágu ferðaþjónustu Útnorðursins. Starf frumherjanna er oftast bæði vanmetið og vanþakkað.



**A**skrifstofu stofnunar eins og Ferðamálaráðs Íslands eru árleg verkefni bæði mörg og fjölskrúðug. Svo er einnig um störf ráðamanna og einstakra nefnda, sem unnið hafa að málfnum ferðapjónustunnar á vettvangi Ferðamálaráðs af einstökum dugnaði og áhuga á málfrænum, án þess að greiðslur kæmu fyrir hvert handarvik. Það hlýtur því alltaf að vera matsatriði um hvað skuli fjallað í ársskýrslu og vafalítið finnst einhverjum vantalið og öðrum oftalið í þessu plaggi. Aðalatriðið er að við lestar ársskýrslunnar fáist sæmileg heildarsýn yfir starfsemi ráðsins. Peir sem áhuga hafa á að kynna sér einstök mál nánar eiga vitaskuld aðgang að fundargerðum ráðsins, stjórnar þess og nefnda. Slíkar fundargerðir eru til yfir alla fundi frá upphafi, þ.e.a.s. frá árinu 1964, og geyma mikinn og lærðomsíkan fróðleik. Þær munu nýtast vel þegar halddið verður áfram að skrá sögu ferðapjónustunnar á Íslandi, sem Lúðvig Hjálmtýsson var kominn vel á veg með þegar hann lést.

Eins og fyrr segir eru greinargerðirnar um starfsemi skrifstofanna í Frankfurt og New York skifaðar af forstöðumönnum þeirra, þeim Dieter W. Jóhannssyni og Einari Gústavssyni. Magnús Oddsson, markaðsstjóri, skrifaði kaflann um gjaldeyristekjur ferðapjónustunnar og Jóhanna B. Magnúsdóttir, umhverfisfulltrúi, kaflann um umhverfismál.

Ég vona að þessi nýbreytni geri ársskýrsluna skemmtilegri og fróðlegri heldur en ef allt efni hennar rennur úr einum og sama pennanum.

Þegar þessi orð eru skrifuð er nokkuð liðið á árið 1992. Í sumu tilliti hefði verið æskilegt að ársskýrsla ársins 1991 liti fyrr dagsins ljós, en frá upphafi hefur verið miðað við að slíkri skýrslu fyrir liðið ár vært dreift á næstu ferðamálaráðstefnu eftir árslok og svo er einnig nú. Í sumu tilliti er erfitt að skilja nákvæmlega á milli ára þegar verkefni á svíði ferðapjónustu eru tímunduð, enda er ekkert sérstaklega heilagt við 31. desember hvað þetta snertir. Ég hefi oft halddið því fram, og geri enn, að heppilegra væri fyrir þessa atvinnugrein að miða fjárhagsáætlanir og verkáætlanir við 30. júní, auk þess sem nauðsynlegt er að fjarveitingar, hvort sem þær koma frá ríkissjóði eða sjóðum hagsmunaaðila, séu til þriggja ára í senn.

Ég sendi öllum aðilum íslenskrar ferðapjónustu hlýjar kveðjur og bestu þakkir fyrir vel unnin störf á árinu 1991 og óska atvinnugreiniinni blessunar og farsældar.

Birgir Þorgilsson  
ferðamálastjóri.



# NOKKRAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM REKSTUR FERÐAMÁLARÁÐS

Inneign hjá Seðlabanka Íslands 1.1. 1991	1.055.878
Framlag ríkissjóðs á árinu	83.886.699
Innheimt vegna þátttöku í ferðasýningum	2.327.000
Innheimt vegna Íslandsbæklings	2.384.000
Laun og almennur rekstur skrifstofu í Reykjavík	17.756.021
Rekstur skrifstofu í Frankfurt. Alls kr. 16.769.947. Hlutur FMR	10.285.833
Skrifstofa í New York	12.380.797
Rekstur Upplýsingamiðstöðvar. Alls kr. 12.839.992. Hlutur FMR	7.065.000
Þátttaka í NT og ETC	1.919.114
Þátttaka í ferðasýningum	5.743.485
Styrkur til ferðamálasamtaka landshlutanna	2.500.000
Ferðamálaráðstefna og fundir	796.828
Ýmis landkynningarverkefni, þar með talinn kostnaður vegna Íslandsbæklings	13.745.840
Ýmis verkefni í umhverfismálum	13.055.049
Önnur starfsemi	2.305.625
VN – NTM	1.917.430
Alls tekjur og gjöld:	89.653.577
Inneign 31.12 1991:	89.471.022
	182.555
	89.653.577
	89.653.577



**Ferðamálaráð Íslands**  
Lækjargötu 3  
101 Reykjavík  
S. 27488  
Fax 624749

**Iceland Tourist Board**  
655 Third Avenue New York  
N.Y. 10017, U.S.A.  
S: (212) 949-2333  
Fax: (212) 983-5260

**Isländisches Fremdenverkehrsamt**  
Carl-Ulrich-Straße 11  
D-6078 Neu-Isenburg 1  
Tourist-Info 06102/254484  
Presse, Geschäftsleitung 254388  
Telefax 254570  
Btx 422420005

**Iceland Tourist Board**  
6th Fl., Harada Bldg.,  
1-1-15, Asakusabashi,  
Taitoh-ku, Tokyo 111 Japan  
TEL: 03-5820-0773  
FAX: 03-5820-0780  
TLX: 222-2061 IPSTYO J